

KIRKJUGARÐARÁÐ

4. fundur haldinn 9. desember 2002 kl. 11:00 í fundarsal skrifstofu Fossvogskirkjugarðs í Fossvogi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Haraldur Helgason sem mætti í forföllum Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs.

1. Setning fundar

Ragnhildur setti fundinn og gaf Þórsteini Ragnarssyni orðið.

2. Fræðsluefni til skólabarna

Þórsteinn kynnti dagskrá sem miðar að því að koma fræðsluefni til skólabarna. Var sýnd kvikmynd um andlát og undirbúning útfarar. Séra Sigurður Pálsson hefur verið til aðstoðar við gerð myndarinnar. Myndin var gerð árið 2001. Þá var sýnd með skjávarpi kynning á KGRP, sem er eitt 150 stærstu fyrirtækja á landinu, með um 350 milljóna króna ársveltu. Fyrirhuguð er kynning á bálforum sem hefur farið fjölgandi undandafarin ár. Hafa spurningalistar verið sendir þrisvar í Gallup-könnunum, árin 1998, 2000 og nú síðast í ár.

3. Bréf frá Skipulagsstofnun

Svar við erindi Guðmundar Rafns sem óskað hafði eftir upplýsingum varðandi nauðsynlegt skipulagsferli. Gerði Guðmundur grein fyrir málinu.

4. Deiliskipulag fyrir Glaumbæ í Skagafirði

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir deiliskipulagi fyrir Glaumbæ í Skagafirði, sem fyrir liggur, eftir Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, en búið er að bjóða út byggingu nýs prestseturs og hefur staðið á samþykktu deiliskipulagi. Er gert ráð fyrir staðsetningu nokkuð norður af kirkjunni.

5. Bréf frá Kirkjugörðum Akureyrar

Tekið fyrir bréf frá Kirkjugörðum Akureyrar, dags. 13. nóvember 2002, þar sem farið er fram á framlag í Kirkjugarðasjóð og að afgreiðslu verði hraðað svo sem frekast yrði kostur. Smári gerði grein fyrir málinu. Væri ljóst að veruleg tekjuaukning fyrir garðinn fyrir norðan ef nýtt gjaldamódel kæmi til. Mikil hagræðing hefði orðið í rekstri og yrði ekki lengra komist í þeim efnunum.

Guðmundur Rafn gerði stutta grein fyrir svari sínu til Kirkjugarða Akureyrar. Hann spurði hvort til greina kæmi að taka gjald fyrir vistun í líkhús. Svaraði Þórsteinn því til að slíkt ætti að vera gjörlegt og hefði verið reiknað út að hæfilegt gjald væri 5.000 kr. á lík. Best væri að taka vistunargjald inn í kirkjugarðsgjald. Þórsteinn taldi æskilegt að gera eitthvað fyrir Kirkjugarða Akureyrar sem væru meðal verst stöddu kirkjugarða á landinu. Lagði Guðmundur Rafn til að reynt yrði að gera

sérstakar ráðstafanir sem miðuðu m.a. að því að sveitarfélagið komi talsvert að málum. Smári kvaðst vilja sjá að fleiri sveitarfélög en Akureyri kæmu að þessum vanda, þar sem líkhús Kirkjugarða Akureyrar þjónaði mun stærra byggðarlagi en Akureyri.

6. Erindi frá kaþólska söfnuðinum í Reykjavík

Ákveðið að óska eftir bréfi frá söfnuðinum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari